

Mál 2/2018

Ár 2018, föstudaginn 11. maí, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 2/2018

X

gegn

Y & Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 24. janúar 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu Y & Z hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 4. október 2017 hafi komið í ljós að Border Collie rakkinn A og tíkin B, voru ekki með gilt augnvottorð fyrir þörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 7. febrúar 2018 og þeim gefin andmælafrestur til 5. mars 2018. Vikuviðbótarfrestur var veittur með bréfi dagsettu 16. mars 2018. Ekkert svar barst frá kærðu. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 4. október 2017 hafi komið í ljós að Border Collie A og tíkin B, voru ekki með gilt augnvottorð, en skv. grundvallarreglum félagsmanna þurfa þau að vera til staðar. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og vera með tilskilin vottorð um heilsufarsskoðun fyrir þörun. Í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Border Collie:

„Border Collie

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun. (Gildir frá 01.02.00). Ræktunarbann er á hunda sem greinast með arfgengt cataract. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012). Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. (Gildir frá 01.02.00).

Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 01.02.2009).

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir og teljast kærðu því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar eð kærðu hafa ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærðu Y & Z teljast hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærðu er áminnt.

F.h. siðanefndar

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir